



## Viðauki við grunnlýsingu Fossa fjárfestingarbanka hf., dagsetta 6. mars 2024, vegna 12.000.000.000 kr. útgáfuramma

Viðauki þessi er birtur á grundvelli laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði nr. 14/2020, sbr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/1129. Grunnlýsing dagsett 6. mars 2024 útgefin af Fossum fjárfestingarbanka hf. (hér eftir nefnd „grunnlýsingin“ og „Fossar“, „útgefandi“ eða „bankinn“) skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

### 1. Endurnýjun gildistíma útgáfuramma Fossa

Í grunnlýsingunni er vísað til þess að útgáfurammi Fossa, og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum, séu í samræmi við ákvörðun stjórnar Fossa þann 19. desember 2023 og að fjárhæð rammans nemi 12.000.000.000 kr. Þá er vísað til þess að útgáfuramminn sé tímabundinn og gildi til eins árs, frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Stjórn bankans samþykkti þann 27. janúar 2025 að endurnýja gildistíma útgáfurammans til eins árs og hefur gildistími útgáfurammans verið uppfærður til samræmis. Útgáfuramminn er tímabundinn og gildir til eins árs, frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025.

Af framangreindu leiðir að gera þarf eftirfarandi breytingar á grunnlýsingunni:

*Kaflí 1.2 - Heimild til útgáfu og stærð útgáfurammans.*

Fyrstu tvær setningar undirkaflans skal skipt út fyrir svohljóðandi texta: „Útgáfuramminn og útgáfa skuldabréfa og víxla samkvæmt honum eru í samræmi við ákvörðun stjórnar Fossa þann 27. janúar 2025 og nemur fjárhæð hans 12.000.000.000 kr. Útgáfuramminn er tímabundinn og gildir til eins árs, frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2025.“

*Kaflí 6.1. - Skilgreiningar og tilvísanir*

Fimmtu efnisgrein kaflans, sem skilgreinir hugtakið *útgáfurammi* skal skipt út fyrir svohljóðandi texta: „Vísun til „útgáfurammans“ í þessari grunnlýsingu skal túlka sem tilvísun til 12 ma.kr. útgáfuramma ársins 2025 sem lýst er í grunnlýsingu þessari.“

### 2. Yfirlýsing ábyrgðaraðila viðauka við grunnlýsingu fyrir hönd útgefanda

Forstjóri Fossa fjárfestingarbanka hf., kennitala 660907-0250, Ármúla 3, 108 Reykjavík, lýsir því yfir fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka, sem útgefanda, að samkvæmt hans bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hans.

Reykjavík, 3. febrúar 2025  
Fyrir hönd Fossa fjárfestingarbanka hf.

Steingrímur Arnar Finnsson, e.u.  
Forstjóri